

Listamannalaun

Staðlaðir ákvörðunartextar í svarbréf umsókna
(ekki endurgjöf/umsögn)
Útgáfa; maí 2025



Úthlutunarnefndir launastjóða gæðameta umsóknir (umsóknarform og fylgigögn) og taka ákvörðun um úthlutun. Sjá matskvarða umsókna. Fagfélög listamanna tilnefna fólk í úthlutunarnefndir. Úthlutunarákvörðun er tekin út frá gæðamati og samanburði við aðrar umsóknir með sambærilegt gæðamat. Atriði eins og nýliðun, dreifing milli listgreina innan launastjóðs, kynjaskipting og búsetudreifing geta haft áhrif þegar valið er á milli umsókna með sambærilegt gæðamat.

Ákvarðanir eru skráðar með þessum stöðluðu textum sem koma fram í svarbréfum umsækjenda. Ekki er veitt endurgjöf eða umsögn. Orðalagsbreytingar gætu orðið vegna úthlutunar 2026 (áætlað í desember 2025) og þetta skjal yrði þá uppfært.

Úthlutun samþykkt	Ekki úthlutun að þessu sinni
Framúrskarandi áhugaverð og góð umsókn. Einróma álit að úthluta skuli.	
Sérstaklega góð umsókn. Einróma álit að úthluta skuli.	
Sérstaklega góð umsókn. Einróma álit að úthlutun komi til greina. Úthlutun samþykkt.	
Mjög góð umsókn. Einróma álit að úthlutun komi til greina. Rædd sérstaklega á fundi úthlutunarnefndar. Úthlutun samþykkt.	Mjög góð umsókn. Rædd sérstaklega á fundi úthlutunarnefndar. Hefði fengið úthlutun ef meira hefði verið til ráðstöfunar.
Góð umsókn. Einróma álit að úthlutun komi til greina. Rædd sérstaklega á fundi úthlutunarnefndar. Úthlutun samþykkt	Góð umsókn. Einróma álit að úthlutun hefði komið til greina ef meira hefði verið til ráðstöfunar. Rædd sérstaklega á fundi úthlutunarnefndar.
Meirihluti úthlutunarnefndar sammála um að úthlutun kom til greina. Rædd sérstaklega á fundi úthlutunarnefndar. Úthlutun samþykkt.	Meirihluti úthlutunarnefndar sammála um að úthlutun hefði komið til greina ef meira hefði verið til ráðstöfunar. Rædd sérstaklega á fundi úthlutunarnefndar.
Meirihluti úthlutunarnefndar sammála um að úthlutun komi ekki til álita að þessu sinni.	
Niðurstaða úthlutunarnefndar að úthlutun komi ekki til álita að þessu sinni.	

Hafa ber í huga að: Umsóknir eru almennt góðar. Flestum umsóknum þarf því miður að hafna. Stjórn listamannalauna hefur, samkvæmt lögum, eftirlit með starfi úthlutunarnefnda.